

**Sp.**

**40. Tillaga til þingsályktunar**

**[37. mál]**

um atvinnumál aldraðra.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Eðvarð Sigurðsson, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frumvarp til laga um atvinnumál aldraðra, og verði að því stefnt, að allir, 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi var flutt á 94. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Henni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi að knýja á um skipulega lausn á atvinnumálum aldraðs fólks. Mjög algengt er orðið, að fyrirtæki og atvinnurekendur segi mönnum upp starfi við sjötugsaldur, og í lögum um opinbera starfsmenn er skýrt kveðið á um aldurshámark. Ekki verður réttmæti þessara reglna dregið í efa, en á hinn bóginn verður ekki lengur horft fram hjá þeim persónulega og félagslega vanda, sem það veldur mörgum manningum að vera kippt úr starfi fyrir fullt og allt sakir aldurs. Fjöldi þessa fólks býr yfir reynslu, talsverðri starfsorku og vilja til að halda áfram störfum í einhverjum mæli.

Þau lausastörf, sem öldruðu fólki standa til boða á almennum vinnumarkaði, krefjast yfirleitt af því fulls vinnudags og eru því oft og tíðum ofraun. Þá er hætt við, að þróun atvinnumála skerði líka möguleika aldraðs fólks til að fá slíka vinnu. Má í því sambandi benda á sívaxandi vélvæðingu, aukið hagræðingarskipulag, t. d. ákvæðisvinnustörf.

Ekki verður fullyrt á þessu stigi, hvernig atvinnumálum aldraðra verði best fyrir komið, en flutningsmenn leggja áherslu á, að hafa verður fullt samráð við launþegasamtök landsins. Efalaust koma fleiri leiðir en ein til greina. Jafnframt því sem sú skylda væri lögð á atvinnufyrirtæki að sjá öldruðu starfsfólki sínu fyrir vinnu, kannske við sérstök störf og styttri vinnutíma en almennt gerist, jafnvel aðeins hálfan daginn, væri hugsanlegt að koma á fót sérstökum vinnustöðum, t. d. léttum iðnaði, þar sem aldrað fólk gæti starfað eftir þreki og aðstæðum hvers og eins. Flm. leggja þó áherslu á þá skoðun sína, að æskilegast sé, að mönnum sé gert kleift að starfa áfram á þeim vinnustöðum og í því umhverfi, sem þeir hafa unnið í, og að reynt sé að finna lausn, sem feli í sér sem minnsta persónulega röskun fyrir hvern og einn.